

Heimspeki með börnum

Kennsluleiðbeiningar með bókinni:

NÚNA HEITIR HANN BARA PÉTUR

Höfundur: Guðrún Helgadóttir
Iðunn, Reykjavík 1990

Lundarsel 2000-2001

Góður-bestur

BLS. 1

- Hvað er góður?
- Hvenær er ég góður?
- Er ég góður ef ég geng frá?
- Er maður góður ef maður gerir oftast það sem mamma og pabbi biðja um?
- Ef mamma og pabbi biðja þig um að pissa og þú segir nei, ertu þá ekki góður?
- Verða allir einhvern tíma góðir?
- Væri gott ef allir væru góðir?
- Er ég góður ef ég segi mömmu að bróðir minn hafi logið?
- Er ég góður ef ég segi mömmu að BRÓÐIR minn hafi stolið súkkulaði úr eldhússkúffunni?
- Ef ég ætla að vera góður en það misheppnast eitthvað, er ég samt ekki góður?
- Er hægt að vera bestur?

Hlýðni-báðu hann um.

BLS. 1

- Á maður að hlýða öllum?
- Hverjum á ég að hlýða?
- Hvenær á maður ekki að hlýða?

Vildi alls ekki

BLS. 1

- Af hverju vil ég ekki blátt smartís?
- Af hverju vil ég ekki leika við hvern sem er?
- Af hverju vil ég ekki bjóða x í afmælið mitt?
- Af hverju vil ég ráða?
- Hvað gerist ef x fær allt sem hann vill?
- Hvað gerist ef kennarinn fær allt sem hann vill?
- Hvað gerist ef ég fæ allt sem ég vil?
- Hvað gerist ef Akureyringar fá allt sem þeir vilja?
- Hvað gerist ef allir fá allt sem þeir vilja?
- Er einhver til sem fær allt sem hann vill?

Nennti því ekki

BLS. 1

- Leti - er í lagi að vera latur,...ef
- Er í lagi að vera latur í „hvíldinni“?
- Er í lagi að vera latur ef vinur minn er latur?
- Er í lagi að vera latur ef maður er veikur?
- Er í lagi að vera latur í sundi?
- Er í lagi að vera latur að bursta tennurnar?
- Er í lagi að vera latur að ganga frá eftir sig?

Stríðni

BLS. 1

- Hvað er stríðni?
- Hvernig stríðir maður?
- Getið þið nefnt dæmi um stríðni?
- Er það stríðni að uppnefna?
- Meiðir stríðni?
- Er til góð stríðni?
- Er til vond stríðni?
- Hafið þið einhvern tímann strítt?
- Má stríða?
- Þekkið þið einhvern sem stríðir aldrei?
- Þekkið þið einhvern sem stríðir alltaf?
- Hvað er að stríða í gamni? Komið með dæmi?

Vera sama-sama um/samt sama-gildismat

BLS. 1

- Hvernig er okkur sama?
- Af hverju er okkur sama?
- Má okkur vera sama um systkini okkar?
- Má okkur vera sama um mömmu og pabba?
- Er það alltaf satt þegar okkur er sama?
- Má okkur vera sama um umhverfið?
- Má okkur vera sama um okkur sjálf?
- Má okkur hætta að vera sama?
- Er í lagi að vera sama um eitthvað?

Fegurð-fallegt veður-fínn og fallegur

BLS. 2

- Í hverju felst fegurðin?
- Hvað getur verið fallegt?
- Getur veður verið fallegt?
- Geta blóm, árstíðir, rigning, kanínur og svo framvegis verið fallegt?
- Getur eitthvað verið fallegra en kanína?
- Getur svört kanína verið fallegra en hvít?
- Gætu þær verið kærustupar?
- Er til eitthvað sem er alls ekki fallegt?
- Þurfa hlutir að vera lifandi til þess að vera fallegir?

Rétt og rangt-að vera blautur

BLS. 2

- Er í lagi að pissa í fínu buxurnar sínar?
- Er einhver tíma í lagi að pissa á sig?
- Er í lagi að pissa úti?
- Hvernig veit maður hvenær maður má pissa?
- Veit litla barnið hvar má pissa?

Hæðni-hlæja-hía-hlógu að

BLS. 3

Rannsóknarspurning andstæða Hlæja-hía. Híið breyttist í hlátur.
Skilgreina hlátur.

- Er í lagi að hlæja að brandara?
 - Er í lagi að hlæja að x ?
 - Er í lagi að hlæja ef einhver dettur ?
 - Er í lagi að hlæja ef einhver segir “þroskur” ?
 - Er í lagi að hlæja ef þú segir brandara ?
 - Er í lagi að hlæja ef þú dettur ?
 - Er í lagi að hlæja ef þú segir “þroskur” ?
 - Er þá í lagi að hlæja með en ekki að?
-
- Hvenær erum við að hlæja og hvenær að hía ?
 - Hvenær erum við að hlæja með einhverjum ?
 - Hvenær erum við að hlæja að einhverjum ?
 - Er skemmtilegra að hlæja með einhverjum eða að einhverjum ?
 - Er skemmtilegra að hlæja með öðrum heldur en einn?

Hvað er hægt-sólin fitjaði upp á trýnið

BLS. 3

- Getur sólin fitjað upp á trýnið?
- Geta amma, afi, krakki, kind, hús og svo framvegis fitjað upp á trýnið?
- Er bara hægt að fitja upp á trýni? (fitja upp á þrjóna)

Aldur-of gamall

BLS. 3

- Erum við einhvern tímann of gömul til að pissa í buxurnar/leika okkur?
- Hvenær er maður of gamall/ungur til að geta ... ?
- Þegar við erum 3 ára gömul getum við þá keyrt bíl/átt börn?
- Geta mömmur, pabbar verið í leikskóla? En afar og ömmur?
- Geta mömmur og pabbar pissað í buxurnar?
- Hvenær erum við gömul?
- Hvenær erum við of gömul?
- Hvenær erum við of ung?
- Hvað er aldur?
- Getum við séð aldur?
- Getum við snert aldur?
- Getum við heyrt aldur?
- Getum við fundið lykt af aldri?

Hugsun-gömul hús hugsa

BLS. 3

- Þælingin hvað er hugsun?
- Getum við hugsað?
- Getum við sleppt því að hugsa?
- Geta hundar hugsað?
- Geta tré hugsað?
- Geta hús hugsað?
- Hvernig vitum við að eitthvað getur hugsað?
- Hvað er að hugsa?
- Hvernig vitum við að við erum að hugsa?
- Hvar hugsum við?
- Finnum við hugsanir?
- Sjáum við hugsanir?
- Er hægt að snerta hugsanir?
- Hvert fara hugsanir?
- Tenging aldurs og hugsana.

- Hugsum við eins þegar við erum 3 ára og 15 ára?
- Hugsar gamall maður eins og barn?
- Hugsar nýfætt barn?
- Hugsar 100 ára gamall maður?
- Hugsum við öll eins?
- Hvað mundi gerast ef tveir hugsa eins?
- Ef tveir hugsa eins, eru það þá einn eða tveir menn?

VERKEFNI/ÆFING

Það er bannað að hugsa. Þið megið alls ekki um þennan penna. Það kemur sennilega í ljós alltaf að hugsa.

Mannasiðir-stílt og þrúð og kurteis

BLS. 4

- Eru mannsiðir eins á Íslandi og á Indlandi?
- Er í lagi að vera dónalegur ef maður er reiður?
- Er einhverntíma í lagi að vera dónalegur?
- Fyrir hverja eru mannsiðir?

VERKEFNI/ÆFING

Búa til reglur um mannsiði, hvað má og hvað ekki fyrir yngri börnin. Búa til reglur um siði við borðhald, í hvíld og svo framvegis. Fyrir eldri börnin búa til reglur sem gilda í leikskólanum, Akureyri, Íslandi.

Forréttindi-hún var elst

BLS. 5

- Er það sanngjarnt að amma önd byrji?
- Er það sanngjarnt að x byrji?
- Fæ ég eitthvað af því ég er yngstur, elstur, strákur, stelpa o.s.frv.
- Hvers konar mismunun er sanngjörn?
- Eru til ósanngjarnir mannsiðir?
- Eru til ósanngjarnar reglur?
- Er sanngjarnt að sá sem er svangur fái meiri mat en sá sem er saddur?

Ljótt/vont-ljóta brauðið,

BLS. 5

- Er peysa ljót ef hún stingur ?
- Er bíll ljótur ef hann stoppar ekki við gangbraut ?
- Er X ljótur ef hann vill ekki leika ?
- Er X ljótur ef hann rífur af ?

DRAGA FRAM MYND—FLOKKA-RÖKSTYÐJA

- Ljót en ekki vond
- Vond en ekki ljót
- Ljót og vond
- Hvorki né vond
- Draga fram eitthvað sem er annars vegar smekksatriði og hins vegar eitthvað sem meiðir.

Hvaða vitleysa/gömul og kölkuð

BLS. 6

- Hvaða vitleysa (hvað gerir eitthvað að vitleysu)?
- Hvernig getum við vitað að eitthvað sé vitleysa (fordómar)?
- Hvað er vitleysa, skiptir máli hver segir að eitthvað sé vitleysa?

- Er eitthvað vitleysa ef vinur minn segir það?
- Er eitthvað vitleysa ef kennarinn segir það?
- Er eitthvað vitleysa ef mamma segir það?
- Er eitthvað vitleysa ef forsetinn segir það?
- Er eitthvað vitleysa ef löggan segir það?
- Er eitthvað vitleysa ef einn segir það?
- Er eitthvað vitleysa ef tveir segja það?
- Er eitthvað vitleysa ef allir segja það?
- Er eitthvað vitleysa ef allir nema einn segir það?

- Ef vinur minn segir vitleysu er hann þá ruglaður?
- Er x ruglaður ef einn segir það?
- Er x ruglaður ef tveir segja það?
- Er x ruglaður ef allir segja það?
- Er x ruglaður ef allir nema einn segir það?
- Dæmi þar sem einhver virðist vera ruglaður/gera vitleysu, fá börnin til að koma með skýringu á atferlinu.

Mont

BLS. 6

- Hvað er að vera montinn?
- Hvað gerir okkur montinn ?
- Hvernig erum við þegar við erum montinn?
- Ert þú montinn-hvernig?

- Geta kettir verið montnir-hvernig?
- Geta hús verið montin-hvernig?
- Ef við erum ánægð með eitthvað erum við þá montin?
- Ef ég er...er ég þá montin/n?
- Ef okkur finnst bíllinn okkar fínni en vina okkar erum við þá montin?
- Af hverju er öndin montin?
- Af hverju er fólk montið?
- Hvað hefði öndin sagt ef þetta hefði verið feimin önd?
- Hvað hefði öndin sagt ef þetta hefði verið frek önd?
- Hvað hefði öndin sagt ef þetta hefði verið örg önd?

Heimska

BLS. 6

- Heimska sem andstæða við víðsýni.
- Hvað er að vera heimskur?
- Hvað ber vott um heimsku?
- Er öndin heimsk ef hún gubbar ekki heima hjá sér?
- Ef við vitum ekki eitthvað erum við þá heimsk?
- Er vinur minn heimskur ef ég held að hann sé heimskur?
- Er ég heimskur ef mamma mín heldur að ég sé heimskur?
- Er ég heimskur ef kennarinn minn heldur að ég sé heimskur?
- Er ég heimskur ef vinur minn heldur að ég sé heimskur?
- Er ég heimskur ef ég held að ég sé heimskur?
- Ef við getum ekki talað erum við þá heimsk?
- Ef við látum alltaf illa erum við þá heimsk?
- Erum við heimsk ef við getum ekki hjólað/hlaupið/séð/heyrt?
- Erum við heimsk ef við eyðileggjum eitthvað?
- Ef við gerum eitthvað óvart erum við þá heimsk?

VERKEFNI/ÆFING

Hafa æfingu um athafnir sem bera vott um heimslu. Hafa í huga að stundum gerðum við eitthvað óvart en berum samt ábyrgð á því.

Að ruglast

BLS. 7

- Alveg að fara úr sambandi.
- Hvað er að fara úr sambandi?
- Við skólann, fjölskylduna, áttagana, vinina og svo framvegis.
- Geta hlutir farið úr sambandi?

- Hvað gerist ef hlutir fara úr sambandi?
- Ef hlutir fara úr sambandi vantar þá rafmagn?
- Hvað þarf manneskja til að virka sem manneskja?

Að ruglast og fordómar-að vitur gömul önd skuli segja svona vitleysu

BLS. 7.

- Í hverju felst viskan?
- Verð ég vitur ef ég...?
- Verð ég vitrari ef ég...?
- Getur maður vitað allt?
- Hvað þarf vitur maður nauðsynlega að hafa?
- Þarf hann að vera góður í...? (afmarka)
- Hvað þarf vitur maður að skilja?
- Geta hundar verið vitrir?
- Hvernig þá?
- Getur sá sem ekki hefur verið í skóla verið vitur?
- Hvernig þá?
- Geta pabbar ruglast?
- Geta...ruglast ?
- Ruglast börn meira en mömmur?
- Ruglast mömmur meira en pabbar?
- Er munur á því þegar mömmur ruglast en pabbar?
- Hvernig er sá munur?
- Ruglast strákar meira en stelpur?
- Er munur á strákum og stelpum?
- Er munur á Gunnu og Sigu?
- Er munur á ... ?
- Ef maður ruglast fer maður þá úr sambandi?
- Er hægt að fara úr sambandi?
- Hvernig þá?

VERKEFNI:

Hvað ætli sé best að gera til að prófa hlutina?

Hvað er best að nota ef maður vill komast að einhverju ?

| | prófa sjálfur | spyrja | hugsa |
|--------------------------|---------------|--------|-------|
| Hvernig brauðið smakkast | | | |

| | | | |
|--------------------------------|--|--|--|
| Hvort sólin er heit | | | |
| Hvernig peysan mín er á litinn | | | |
| Hvort bíll er að koma | | | |
| Hvað ég heiti sjálfur | | | |
| Hvað er í matinn | | | |
| Hvort ég er góð manneskja | | | |

Hvaða verkfæri er best að nota?

| | snerta | smakka | lykta | horfa | hlusta |
|---------------------------|--------|--------|-------|-------|--------|
| Hvernig brauð smakkast | | | | | |
| Hvort sólin er heit | | | | | |
| Hvernig peysa er á litinn | | | | | |
| Hvort bíll er að koma | | | | | |
| Hvað ég heiti sjálfur | | | | | |
| Hvað er í matinn | | | | | |
| Hvort ég er góð manneskja | | | | | |

Hugmynd-hægt er að láta aðra prófa fyrir sig.

Sóði

BLS. 7

- Ef ég hendi plastpoka er ég þá sóði?
- Hvers vegna eru sumir sóðar en aðrir ekki?
- Er sá sem pissar úti sóði?
- En sá sem sullar niður?
- Ef maður fer ekki í það er maður þá sóði?
- Getur mamma verið sóði ?
- En pabbi, getur hann verið sóði?
- Ef allir henda plastpoka, hvernig mun þá líta út?
- Ef maður pissar á sig er maður þá sóði?
- Ef ég vil hafa skítugt hjá mér má ég það þá?
- Hvar er í lagi að vera sóðalegur?
- Ef allir gerðu hvernig.....?

Reiði

BLS. 8

- Hverjar eru ástæður fyrir reiði?
- Getið þið nefnt dæmi um hvenær er viðeigandi að reiðast?
- Er það rétt fyrir suma eða alla?
- Er rétt fyrir pabba að reiðast ef uppáhalds dótið hans er skemmt?
- Gengur það fyrir alla?

- Ástæða/orsök reiði.
- Verðum við reið ef e-h meiðir okkur?
- Verðum við reið ef e-h skemmir dótið okkar?
- Verðum við reið ef mamma/pabbi bannar okkur e-h?
- Verðum við reið ef við eigum að gera e-h sem við viljum ekki gera ?

Forða sér frá svona fólki-fordómar

BLS 8

- Er ég öðruvísi fólk ef ég pissa á mig?
- Er ég öðruvísi fólk ef ég er með freknur?
- Er ég öðruvísi fólk ef einhver segir mér að ég sé öðruvísi.
- Er ég öðruvísi ef ég held að ég sé öðruvísi.
- Hvernig er öðruvísi fólk?
- Geta allir verið öðruvísi fólk?

Reið og hneyksluð

BLS 8

- Hvernig er reitt og hneykslað fólk?
- Hvernig veit ég að ég er reið?
- Hvað gerir okkur reið og hneyksluð?
- Hvað er að vera reiður og hneykslaður?
- Geta hús verið reið og hneyksluð?
- Geta bílar verið reiðir og hneykslaðir?
- Hvernig líður okkur þegar við erum reið og hneyksluð?
- Erum við reið og hneyksluð ef við erum ósammála einhverjum?

Erðanú sunnudagur

BLS. 8

- Er sunnudagur öðruvísi en hinir, væntingar um sunnudaga og hlutina
- Hvað gerið þið á sunnudögum?
- Getum við gert það líka á mánudögum?

- Er eitthvað sem við getum bara gert á sunnudögum en ekki mánudögum?
- Er eitthvað sem við getum bara gert á mánudögum en ekki á sunnudögum?
- Eru sunnudagar einhvernvegin öðruvísi en aðrir dagar?
- Hvernig eru þeir öðruvísi?
- Af hverju eru þeir öðruvísi?
- Er e-h eins við dagana?
- Er e-h sem við getum gert hvaða dag sem er?

Háskældi

BLS. 9

- Hvað er að háskæla?
- Er það eins að skæla og háskæla?
- Hvenær skælir maður?
- Af hverju skælir maður?
- Geta allir skælt? (bæði mömmur, pabbar, afar, ömmur).
- Er allt í lagi að skæla?
- Er vont að skæla?
- Er gott að skæla?
- Ef maður skælir, hvenær hættir maður þá að skæla?
- Þegar maður skælir þessar maður þá alltaf í buxurnar? (tengsl við söguna)

Fór að hugsa

BLS. 10

- Hvers vegna haldið þið að Pétur hafi farið að hugsa um að reyna að hætta að pissa á sig?
- Tölum um hugsanir:
- Er mann að dreyma þegar maður hugsar?
- Er maður að rifja upp gærdaginn?
- Er maður að flokka?
- Er maður að finna nýja lausn?
- Þegar við segjum: mamma kemur bráðum að sækja mig, erum við þá að hugsa um það?
- Hugsu þið í svart/hvítu eða lit?
- Hvað eruð þið að hugsa um á þessari stundu?
- Stjórnid þið hugsunum ykkar?
- Getið þið hætt að hugsa núna á stundinni?
- Er hætt að hugsa ekkert?
- Er hægt að hugsa án orða?
- Hugsu þið stundum um fleira en eitt í einu?

- Hvort er auðveldara að hugsa í baði eða úti?

Hvað er maður að hugsa þegar maður er:

- Að leika sér að hugmynd?
- Að detta eitthvað í hug?
- Að dagdreyma?
- Að leika sér?

Hundleiðilegt

BLS. 10

- Hvenær erum við leið?
- Er öðruvísi að vera leiður eða hundleiður?
- Hvernig líður okkur þegar við erum leið?
- Hvernig vitum við að við erum leið?
- Sjáum við leiða?
- Heyrum við leiða?
- Ef okkur þætti allt skemmtilegt, værum við þá aldrei leið?
- Er hægt að losna við leiða?
- Geta hús verið leiðinleg?
- Geta bílar verið leiðinlegir?
- Geta vinir verið leiðinlegir?
- Er vont að vera leiðinlegur?
- Er gott að finnast eitthvað leiðinlegt?
- Er í lagi að þykja eitthvað leiðinlegt?
- Hvað gerum við þegar okkur finnst eitthvað leiðinlegt?
- Af hverju finnst ekki öllum það sama leiðinlegt?

Hissa á

BLS. 10

- Geta kindur verið hissa?
- Geta blóm verið hissa?
- Af hverju verðum við hissa?
- Hvernig líður okkur þegar við erum hissa?
- Hvað gerum við þegar við erum hissa?
- Hvernig horfir maður hissa á einhvern?
- Hvernig veit ég að ég horfi hissa á einhvern?
- Hvenær erum við hissa?

Að leiðast-hundleiðast-leiðast

BLS 10-11

- Hver er munurinn á því að leiðast og hundleiðast?
- Er það nóg ástæða að sleppa því að pissa í klósettið af því það er hundleiðinglegt?
- Er nóg ástæða að sleppa því að bursta tennurnar, að því að manni finnst það leiðinlegt? Hvaða afleiðingar hefur það? Er leiðinlegt að vera með tannpínu?
- Hvenær leiðist manni?
- Má manni alltaf leiðast?
- Líka í afmælinu sínu?
- Hvernig er maður á svipinn þegar manni leiðist?
- Dansar, hoppar og hlær maður þegar manni leiðist?
- Er hægt að leiðast inn í sér en brosa samt og virka glaður á svipinn?
- Getur maður vitað hvernig fólki líður með því að horfa á það?

Gleraugu handa öndum

BLS 12

- Af hverju þarf fólk að nota gleraugu?
- Er fólk sem notar gleraugu öðruvísi en annað fólk?
- Hverjir þurfa að nota gleraugu?
- Geta allir notað gleraugu?
- Geta endur notað gleraugu?
- Getur bíll notað gleraugu?

Geta bætt sig

BLS 13

- Hvað er að bæta sig ?
- Er það að vaxa?
- Er það að minnka?
- Er það að fitna?
- Er það að grennast?
- Er það að gera betur?
- Er það að gera minna?
- Er það að gera meira?
- Er það að verða betri manneskja?
- Er það að verða verri manneskja?

| Hvað er að stela? | Já | Nei |
|---|----|-----|
| Að taka súkkulaði úr skál á eldhúsbörðinu | | |
| Að taka súkkulaði sem er uppi í háaskáp | | |
| Að taka súkkulaði úr skúffunni hjá stóru systur | | |
| Að taka súkkulaði úr nammihillunni úti í búð án þess að borga | | |
| Að taka pakka af eldhúsbörðinu | | |
| Að taka pakka sem er uppi í háaskáp | | |
| Að taka pakka úr skúffunni hjá stóru systur | | |
| Að taka pakka úr hillu úti í búð án þess að borga | | |

Draga saman svörin-Er þá í lagi að stela..... en ekki.....

- Hvenær þorir maður ekki að gera eitthvað?
- Af hverju?
- Þarf maður að hafa eitthvað til að þora?
- Hvað þarf maður að hafa til að þora? (vini sína, pabba, mömmu eða sjálfan sig)
- Hvaða afleiðingar getur það haft að þora? Dæmi.
- Hvaða afleiðingar getur það haft að þora ekki? Dæmi.
- Þora ekki að anda
- Er hægt að þora ekki að anda?
- Hættum við þá að anda?
- Hvað myndi gerast ef að við hættum að anda?
- Þurfum við að anda?

| Hvað er stríð við tölur og rennilása ? | Já | Nei |
|---|----|-----|
| Er það að : | | |
| Nota rennilásinn fyrir vopn? | | |
| Henda tölum í andstæðinginn? | | |
| Erum við að reyna að fá þær/hann til að hlýða og hneppast/rennast | | |
| Rífast um; ég var með hann! | | |
| Rífast við töluna og rennilásinn-renndu þér upp! | | |
| Er hægt að rífast við rennilás? | | |
| Er rennilás lifandi? | | |

DRAGA SAMAN -Er þá hægt að tala um stríð við tölur og rennilása ???

Plata

BLS. 15

Hvað er að plata?

| AÐ PLATA ER | Já | Nei |
|---------------|----|-----|
| Segja ósatt | | |
| Þykjast | | |
| Segja satt | | |
| Að stríða | | |
| Að gretta sig | | |
| Að hoppa | | |
| Að gráta | | |
| Að skrökva | | |

- Má plata mömmu?
- Má plata pabba?
- Má plata kennarann?

- Má plata vin sinn?
- Er vont að plata?
- Er gott að plata?
- Má alltaf plata?
- Er einhver tími sem ekki má plata?
- Er einhver tími sem á að plata?
- Má plata?

Ekki að fara að gleypa-ætlaði fyrst

BLS. 15

- Hvernig prófum við:
- Mat-hvernig er hann á bragðið?
- Snjó-kaldur/heitur, þurr/blautur?
- Vatn-heitt/kalt, blautt/þurr?
- Hæð-hve hátt?
- Dýpt-hve djúpt?
- Hvað við getum?
- Hvað er hægt?
- Af hverju vildi amma önd prófa fyrst?
- Af hverju þurfum við að prófa fyrst?

Undur

BLS. 15

Hvað er undur?

| |
|---------------------------------|
| Að vera undrandi yfir einhverju |
| Að vera hissa yfir einhverju |
| Að vera reiður |
| Að vera glaður |
| Að vera vondur |
| Að vera góður |
| Að vera sorgmæddur |
| Að vera latur |
| Að vera hress |

- Af hverju undrast maður?
- Hvað er að undrast?
- Hvernig undrast maður?
- Hvenær undrast maður?
- Geta allir undrast?
- Hvaða munur er á því að *undrast um* eitthvað og *undrast á* einhverju?

Nautn-sælusvip

BLS. 16

- Hvernig erum við á svipinn þegar við borðum eitthvað sem er:
Súrt, sætt, vont, gott, heit, kalt.

Réttindi og skyldur foreldra?

BLS. 16

- Hvað gera pabbar?
- Hvað gera mömmur?
- Hvað gera börn?
- Geta pabbar gert það sama og börn?
- Geta mömmur gert það sama og börn?
- Geta pabbar gert það sama og mömmur?
- Geta mömmur gert það sama og pabbar?
- Geta börn gert það sama og pabbar?
- Geta börn gert það sama og mömmur?
- Má fullorðið fólk gera allt?
- Mega börn gera allt?
- Hvað mega fullorðnir ekki gera?
- Hvað mega börn ekki gera?

Hjálpa

BLS. 16

- Hvað er að hjálpa?
- Af hverju hjálpum við öðrum?
- Hjálpið þið vinum ykkar ef einhver er að stríða þeim?

Merkja við hvers vegna þið hjálpið?

| | |
|---|--|
| Ég hjálpa því þá hjálpar vinur minn mér næst, eða ég hjálpa ekki því þá missi ég af einhverju. | |
|---|--|

| | |
|--|--|
| Ég hjálpa af því að vinur minn hefur til dæmis greinilega meitt sig og vini mínum mun líða betur ef ég hjálpa. | |
| Ég hjálpa því þá líkar flestum betur við mig. | |

Skrýtnir og skemmtilegir

BLS. 16

- Geta kennarar verið skrýtnir?
- Geta börn verið skrýtin?
- Geta andarungar verið skrýtnir?
- Geta ljón verið skrýtin?
- Geta apar verið skrýtnir?
- Geta hús verið skrýtin?
- Geta bílar verið skrýtnir?
- Hvernig lítur skrýtinn maður út?
- Hvar er það sem gerir einhvern skrýtinn?

- Geta kennarar verið skemmtilegir?
- Geta börn verið skemmtileg?
- Geta andarungar verið skemmtilegir?
- Geta ljón verið skemmtileg?
- Geta apar verið skemmtilegir?
- Geta hús verið skemmtileg?
- Geta bílar verið skemmtilegir?
- Hvernig vitum við að eitthvað er skemmtilegt?
- Hvað er það sem gerir það skemmtilegt?
- Er gott að vera skemmtilegur?
- Getur það verið vont að vera skemmtilegur?

Gaman

BLS. 16

- Hvað finnst ykkur gaman í leikskólanum, heima, hjá ömmu?
- Hvað er líkt og ólíkt með því sem okkur finnst gaman?
- Er gaman þegar einhver treðst á undan ykkur í röðina?
- Skiptir það mál hvort það er fullorðinn eða krakki?
- Er gaman ef maður fær réttu afmælisgjöfina?
- Er gaman að eiga allt flottasta dótið?
- Er gaman að gefa flott dót?

- Getur verið gaman hjá mér en hundleiðinlegt hjá hinum?
- Verðum við glöð eða sár ef okkur er hrint í útiverunni?
- Má alltaf vera gaman? Er það alltaf viðeigandi: Nefnið dæmi?
- Verður maður glaðari og glaðari ef maður á marga vini?
- Er maður hamingjusamur ef manni finnst oftast gaman?

| Í hverju felst hamingjan: | Já | Nei |
|---------------------------|----|-----|
| Hreysti og heilbrigði | | |
| Ríkidæmi-að eiga allt | | |
| Að vera stór | | |
| Að vera myndarleg/ur | | |
| Að vera góð/ur við aðra | | |

Gleymdu alveg ...langt frá því eins finar og fallegar og þau

BLS. 17

Að segja eitt og finnast annað? Ef einhver sem manni finnst ekkert of skemmtilegur á nammi, er maður þá sjálfum sér samkvæmur að segja að hann sé núna besti vinur manns??? Að maður sé merkilegri en annar???

- Er krakkinn að segja satt og meina það?
- Krakki sem fær ullarnærbuxur í jólagjöf frá Fríðu segir: Þakka þér kærlega fyrir elsku Fríða frænka, mér þykir mjög vænt um gjöfina?
- Krakka sem finnst vondur maturinn sem er í boði segir: nei takk ég er saddur.
- Krakki sem er vatnshræddur segir: Mér finnst ekki gaman í sundi.
- Krakka sem finnst gaman að leika sér í legó segir: mig langar í legó í afmælisgjöf.
- Krakki sem segir ég er svangur hjá namminu og langar bara í nammi?

Engu hafði gleymt

BLS. 17

- Er hægt að gleyma engu?
- Hvernig gleymum við engu?
- Getum við gleymt?
- Hvað er að gleyma einhverju?
- Ef við gleymum hvað gerist þá?

- Hvaða munur er á því að gleyma og muna?
- Geta endur munað allt?
- Geta allir munað? (Bæði, dýr, menn, hús, blóm)
- Hvað er það að muna?
- Hvar geymum við það sem við þurfum að muna? (höndum, fótum, maga, höfði)
- Hvernig getum við munað það sem við þurfum að muna?
- Getum við munað allt?
- Geta ömmur, afar, pabbar og mömmur munað allt?
- Þurfum við að muna allt?
- Munið þið allar reglurnar í heimspekinni og í leikskólanum?
- Hvað gerist ef við munum ekki allt sem við þurfum að muna?

Forvitin

BLS. 17

- Hvað merkir að vera forvitin?
- Getur sólin orðið forvitin (eins og sagt er í sögunni)?
- Þegar sólin skín og kemur fram úr skýjunum er það þá (alltaf) vegna þess að hún er forvitin?
- Geta allir orðið forvitnir? (menn, dýr, blóm, steinar, fjöll, ský o.s.frv.)
- Hvernig verðum við forvitin?
- Hvenær verðum við forvitin?
- Af hverju verðum við forvitin?
- Er í lagi að vera forvitin?
- Er vont/gott að vera forvitin?

Líða yfir–geðshræring

BLS. 17

- Hvað gerist þegar það líður yfir mann?
- Er að líða yfir mann þegar maður dettur?
- Er að líða yfir mann þegar maður grætur?
- En þegar maður hlær?
- Getur liðið yfir mann af gleði?
- Getur liðið yfir mann af ótta?
- Getur liðið yfir mann af því maður er hissa?
- Getur liðið yfir mann af reiði?

Ályktun-orsök og afleiðing-það hlýtur að vera

BLS. 17

Hvers vegna gerist X, var það vegna Y

Hvernig veit maður að eitthvað er að fara að gerast?

| Með því að: | Já | Nei |
|-------------|----|-----|
| Heyra það | | |
| Sjá það | | |
| Skynja það | | |
| Giska á það | | |
| Hugsa það | | |

Friður

BLS. 18

- Hvað er friður og ró?
- Til hvers þarf maður frið og ró?
- Er það gott, vont, skemmtilegt eða leiðinlegt að vera í frið og ró?

Þurfa allir einhverntíma frið og ró?

Mömmur, þabbar, ömmur, börn, kennarar eða dýr?

- Hvernig skapar maður frið og ró?
- Er hægt að skapa frið og ró í leikskólanum, heima, í kirkju, á fjalli eða í sundi?
- Er hægt að skapa frið og ró alls staðar?
- Geta margir saman skapað frið og ró eða verður maður að vera einn til þess?

Hamingjusamur

BLS. 19

- Hvað er hamingja?
- Hvað þýðir það?
- Þýðir það að vera oftast glaður, sorgmæddur eða reiður eða hvað?
- Hvernig verður maður hamingjusamur?

Verður maður hamingjusamur:

| | |
|-----------------------------|--------------------------------------|
| Ef maður á mikið dót? | Ef maður hlýðir alltaf mömmu? |
| Ef maður á mikið nammi? | Ef maður tekur alltaf til eftir sig? |
| Ef maður á marga vini? | Ef það er alltaf gott veður? |
| Ef maður er góður við aðra? | Ef maður er duglegur? |

- Hvenær erum við kurteis?
- Erum við kurteis þegar við þökkum fyrir okkur?
- Þegar við segjum görið þið svo vel?
- Þegar við segjum viltu rétta mér?
- Þegar við segjum gefðu mér mjólk?
- Erum við kurteis þegar við ropum?
- Þegar við prumpum?
- Þegar við rífum af?
- Þegar við öskrum?
- Þegar við lemjum?
- Eigum við alltaf að vera kurteis?
- Munið þið eftir einhverjum stað, þar sem maður þarf ekki að vera kurteis?
- Munið þið eftir einhverjum stað, þar sem maður á alls ekki að vera kurteis?

Að kunna, að geta, vilja og þykjast geta.

- Ef við þykjumst kunna útlensku kunnum við hana þá?
- Ef við viljum kunna útlensku kunnum við hana þá?
- Ef við kunnum að segja já og nei á útlensku kunnum við þá útlensku?
- Ef við þykjumst elda mat kunnum við þá að elda mat?
- En ef við viljum kunna að elda mat, kunnum við það þá?
- Ef við þykjumst keyra bíl kunnum við þá að keyra bíl?
- En ef við viljum kunna að keyra bíl?
- Hvenær kunnum við eitthvað?
- Ef við kunnum að telja upp á 10 kunnum við þá að telja?
- Ef við viljum kunna stafina, kunnum við þá stafina?
- Ef við kunnum stafina kunnum við þá að lesa?
- Ef við kunnum að hjóla með hjálpardekkjum, kunnum við þá að hjóla á tvíhjólí?

Voru glöð og ánægð

- Hvernig líður okkur þegar við erum glöð?
- Líður okkur vel/illa?
- Hvernig líður okkur þegar við erum ánægð?
- Líður okkur vel/illa?
- Er munur á því að vera glaður eða ánægður?

Hvenær erum við glöð/ánægð?

| | |
|------------------------------|--------------------------------|
| Þegar við eigum afmæli | Þegar mamma les fyrir okkur |
| Þegar við fáum góðan mat | Þegar við leikum okkur |
| Á jólunum | Þegar það snjóar |
| Á páskunum | Þegar það er sól |
| Þegar við meiðum okkur | Þegar mamma fer í vinnuna |
| Þegar við erum veik | Þegar okkur er strítt |
| Þegar við stríðum einhverjum | Þegar einhver meiðir okkur |
| Þegar við meiðum einhvern | Þegar vinur okkar er hjá okkur |

Gömlu húsin við Tjörnina horfðu á eftir þeim

BLS.20

- Geta gömul hús brosað?
- En grátið?
- Gengið?
- Hrist sig?
- Dansað?
- Getur allt brosað?
- Hvernig brosa hús?

VERKEFNI:

Teikna brosandi hús og leið hús.

Myndlíking-hvað er hægt í þessum heimi

BLS. 20

- Hvað er hægt:
- Geta menn flogið?
- Geta tré gengið?
- Geta dýr talað?
- Geta bílar synt?
- Geta hús talað?
- Geta gluggatjöld hrist sig?
- Hvar getur þetta gerst?
- Er það í alvörunni?

- Af hverju haldið þið að hann hafi ekki viljað hjálp?
- Var pabbi hans klaufi?
- Gat hann þetta sjálfur?
- Var hann hræddur?
- Var hann kannski búin að pissa í buxurnar?

- Geta buxur verið hreinar ef það er mold og sandur á þeim?
 - Er eitthvað sem er bæði gott og vont?
 - Er eitthvað sem er bæði lint og hart?
 - Er eitthvað sem er bæði blautt og þurrt?
 - Er eitthvað sem er bæði svart og hvítt?
-
- Hvað er hreint?
 - Getur sandur verið hreinn?
 - Getur mold verið hrein?
 - Getur vatn verið hreint?
 - Getur snjór verið hreinn?
 - Getum við verið hrein?
 - Getur ormurinn verið hreinn?
-
- Hvað er óhreint?
 - Getur vatn verið óhreint?
 - Getur sápa verið óhreint?
 - Getum við verið óhreint?
 - Getur ormurinn verið óhreinn?
 - Getur mold verið óhreint?
 - Getur sandur verið óhreinn?
 - Getur snjór verið óhreinn?

